

HVAMMSVIRKJUN BYGGINGARLÝSING VEGNA UMSÓKNAR UM BYGGINGARLEYFI

Byggingarlýsing mannvirkja Hvammsvirkjunar í Rangárþingi ytra.

Sótt er um byggingarleyfi fyrir mannvirkjum þeim er tilheyra Hvammsvirkjun í Rangárþingi ytra. Hvammsvirkjun er vatnsaflsvirkjun í Þjórsá sem Landsvirkjun mun byggja og eiga og reka með öðrum aflstöðvum á svæðinu. Virkjunin mun nýta allt að 352 m³/s rennsli úr fyrirhuguðu Hagalóni. Hvammsvirkjun er staðsett í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Mannvirki hennar, sem hér er lýst, eru öll staðsett í Rangárþingi ytra og í samræmi við gildandi deiliskipulag frá 2021. Gert er ráð fyrir að afl virkjunarinnar verði 95 MW og árleg orkuvinnsla um 720 GWh. Hvammsvirkjun verður svokölluð mannlauströð, þar sem ekki er gert ráð fyrir viðveru starfsmanna í daglegum rekstri, heldur einungis við viðhald, eftirlit og viðgerðir.

Núpsstífla, aðalstífla í farvegi (ULN13) frá miðri Þjórsá (st. 600) að Flípalokuflóðgáttum (st. 720).

Stíflan er jarðvegsstífla. Undir stíflunni er bergþétting. Loftmegin við stífluna í farveginum er steiptur veggur sem virkar sem mæliyfirfall fyrir mögulegt lekavatn í gegnum stífluna.

Helstu stærðir: Lengd: 120 m, Hæð: 18 m, Grunnflötur: 7267 m², Rúmmál: 64.310 m³.

Flípalokuflóðgáttir (ULN2) (frá st. 720 að st. 810) og brú (ULY1).

Steyptur þröskuldur og veggir sem bera fjórar svokallaðar flípalokur. Stoðveggur meðfram stíflu. Andstremmis við lokurnar kemur brú byggð úr stáli og timbri sem er akstursleið fyrir starfsfólk LV.

Helstu stærðir: Lengd: 90 m, Hæð: 11 m, Grunnflötur: 1 260 m².

Geiralokuflóðgáttir (ULN3) (frá st. 810 að st. 855).

Flóðgáttamannvirkið er steinsteypt og hýsir viðgerðarlokur og þrjár flóðgáttalokur, tæknirými og brú. Helstu rými eru, auk vatnsvega, tæknirými ásamt útsýnispalli á þaki.

Ýtarlega byggingarlýsingu fyrir flóðgáttahús er að finna á aðaluppdráttum.

Helstu stærðir: Lengd: 45,6 m, Breidd: 31,7 m, Hæð: 36,0 m, Grunnflötur: 1.445 m², Flatarmál húss: 483,2 m², Rúmmál húss: 1 968,2 m³.

Núpsstífla milli flóðgátta og inntaks (ULN4) (frá st. 855 að st. 986).

Stíflan er jarðvegsstífla. Hluti stíflunnar er með steiptum vegg sem þéttikjarna. Steipti veggurinn er hluti af seiðafleytu fiskvega. Undir stíflunni er bergþétting.

Helstu stærðir: Lengd: 131 m, Hæð: 10 til 12 m, Grunnflötur: 5288 m², Rúmmál: 30.939 m³.

Fiskvegir, fiskistigi og seiðafleyta (ULN9).

Fiskvegir skiptast annars vegar í seiðafleytu þar sem seiði fljóta niður áleiðis til sjávar og hins vegar í fiskistiga þar sem fullvaxnir laxar synda upp áleiðis til hrygningarstöðva. Efri hluti fiskveganna er steypt mannvirki og eru þeir yfirbyggðir þar sem þeir fara eftir stíflunni. Neðri hlutinn er grafinn í klöpp.

Helstu stærðir: Lengd: 285 m, Breidd: að mestu um 16 m, Hæð: 2-8 m, Grunnflötur: 8889 m²,

Inntak (ULP2).

Inntaksmannvirkið er steinsteypt og hýsir ristar, viðgerðarlokur og inntakslukur ásamt tæknirými. Inntakið tengist stíflunni á báðum hliðum. Inntakið er einnig inntak fyrir seiðafleytuna. Helstu rými eru, auk vatnsvega, tækjarými og aðgengi niður að geiralokum.

Ýtarlega byggingarlýsingu fyrir inntakshús er að finna á aðaluppdráttum

Helstu stærðir: Lengd: 32,0 m, Breidd: 26,5 m, Hæð: 25,9 m, Grunnflötur: 848,0 m², Flatarmál húss: 215,3 m², Rúmmál húss: 894,9 m³.

Núpsstífla á vinstribakka (ULN5) (st. 1008 til st. 5200).

Stíflan er jarðvegsstífla. Að stöð 2200 er bergþétting.

Helstu stærðir: Lengd: 4 192 m, Hæð: 2 til 12 m, Grunnflötur: 150.856 m², Rúmmál: 692.000 m³.

Stöðvarhús (UME0)

Um er að ræða tveggja véla stöð sem er að mestu leyti niðurgrafin. Húsið er steinsteypt og á sex meginhæðum. Helstu rými neðanjarðar eru véla- og tæknirými ásamt stoðrymum, umferðarrýmum og flóttaleiðum. Ein þjónustulyfta er í húsinu. Vélasalur er með aukinni lofthæð og kranabítum beggja vegna. Gluggar eru ofan kranabita, þar sem húsið stendur upp úr jörðu. Efsta hæðin, hlaðgólfs hæð, er ofanjarðar. Þar er hlaðgólf með aðkomudyrum, þjónustubygging með stjórnrymi, starfsmannarymum og tækniryfum og básar fyrir spenna. Spennabásar eru staðsettir utan á byggingu og eru þeir lokaðir af með mannheldri girðingu.

Ýtarlega byggingarlýsingu fyrir stöðvarhús er að finna á aðaluppdráttum.

Helstu stærðir: Lengd: 62,5 m, Breidd: 35,8 m, Hæð: 45,8 m, Grunnflötur: 2 230 m², Flatarmál húss: 5 116 m², Rúmmál húss: 37 996 m³.

Neysluvatnstankur (UGK12).

Neysluvatnstankur er steinsteyptur og niðurgrafinn að mestu leyti. Mannvirkið er aðgengilegt um lúgu í þaki, þaðan sem hægt er að klifra niður þjónustustiga ofan í tankinn til að sinna viðhaldi og viðgerðum.

Ýtarlega byggingarlýsingu fyrir neysluvatnstank er að finna á aðaluppdráttum.

Helstu stærðir: Lengd: 12,1 m, Breidd: 7,2 m, Hæð: 8,0 m, Flatarmál húss: 78,6 m², Rúmmál húss: 406,5 m³.

Stífla við Ölmóðsey (UZN1) frá miðri Þjórsá og í land (frá st. 90 til st. 180).

Stíflan er jarðvegsstífla.

Helstu stærðir: Lengd: 165 m, Hæð: 7 til 10 m, Grunnflötur: 7994 m², Rúmmál: 33.220 m³.